



Fréttabréf Árskógar skóla

Leik- og grunnskóli, Árskógi, Dalvíkurbyggð

26. tölublað, 3. árgangur, október 2014 Ábyrgðarmaður: Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson

náms **A**hugi-þ **R**autseigja- **S**amvinna-lei **K**ur-útisk **O**li- **G**leði- **U**mhyggja-vi **R**öðing

Vissir þú að....

Ef þú geymir gullfisk í myrkri þá tapar hann litnum?

Vísur í október á Kötlukoti.

Í október ætlum við að syngja um **Ð**, **F** og **K**. Endilega verum dugleg að spjalla um orð og hljóð sem þessir stafir mynda.

Vísurnar hanga hverju sinni upp á pallinum fyrir utan Kötlukot.

Ð-F-K

Símanúmer

Aðalnúmer 460-4970

Skólastjóri 460-4971

Kötlukot 460-4973

Félagsheimili 460-4979



Lokanir í október

Vegna starfsdaga og vetrarfrís eru lokanir nokkuð margar í október. Vinsamlegast kynnið ykkur vel hvenær þær eru í mánaðarskrá hér að neðan.

Kæra skólasamfélag

Gott fólk, takk fyrir góð samskipti og samvinnu við upphaf 3. starfsárs skólans. Það er mikilvægt að eiga góð og uppbyggileg samskipti. Við hvetjum ykkur til að koma í skólann og taka þátt í námi og leik barna ykkar, koma með ábendingar um starfið og hvað annað sem getur leitt til jákvæðrar skólaþróunar.

Kveðja frá skólastjórnendum, Hjördís Jóna & Gunnþór Eyfjörð G.

Foreldraviðtöl á Kötlukoti

Vikuna 6.-10. október eru foreldraviðtöl á Kötlukoti. Foreldrar eru allir búnir að fá sent í tölvupósti viðtalstíma og eru vinsamlegast beðnir að kynna sér vel hvenær þeir eiga viðtal.

Ef foreldri sér sig ekki fært um að mæta vinsamlegast hafið samband sem fyrst við Jónu á netfangið jona@dalvikurbyggd.is eða í síma 460-4973.

Skólaheimsókn kennara Kötlukots

Þriðjudaginn 28. október fara kennarar á Kötlukoti í skólaheimsóknir til þess að kynna sér starf annarra og fá hugmyndir. Kötlukot er opið þennan dag og skólaliðar munu ganga í störf kennara auk þess sem annað starfsfólk skólans verður í vinnu (skipulagsdagur grunnskólastigs) og til staðar ef vantar hendur.

Þar sem það er vetrarfrí daginn áður og skólinn lokaður eru jafnvel einhverjir sem hafa hug á að **lengja fríð á leikskólastigi**. Ef svo er væri mjög gott að vita sem fyrst hvort og þá hverjir hyggjast hafa barn sitt í frí þennan dag sem myndi hjálpa við skipulagningu á mönnun.

Skólastefna Dalvíkurbyggðar

Á þessu ári hefur verið unnið að mótun nýrrar skólastefnu fyrir leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla Dalvíkurbyggðar. Vinnuhópur hefur unnið grunnvinnuna en ýmsir komið að borðinu svo sem starfsfólk, foreldrar og nemendur. Nú eru komin drög að nýrri skólastefnu, þau eru ekki fullunnin en okkur langar til að heyra frá ykkur áður en stefnumótuninni lýkur alveg og enn er hægt að gera breytingar. Ef þið óskið eftir að fá drögin að stefnunni send í tölvupósti til kynningar þá vinsamlegast sendið póst á

helgabjort@dalvikurbyggd.is

Af hverju bóklestur?

Lestrarvenjur barna hafa breyst á undanförunum áratugum, bóklestur hefur minnkað mikið og færri börn segjast hafa áhuga á að lesa bækur. Gleymum því þó ekki að börn lesa heilmikið á hverjum degi, í tölvunni og símanum, á sjónvarpsskjánum, í auglýsingum og á umferðarskiltum... orð eru út um allt. Vandinn er ekki sá að börn lesi ekki neitt heldur hvernig þau lesa; þau gleypa í sig skyndibita; smáskilaboð, vefbúta og textabrot. Fyrir vikið skortir þau bæði þjálfun og þolinmæði til að komast í gegnum heila bók og hafa ekki upplifað lestraránægjuna sem yrði þeim hvatning til bóklestrar.




En hvers vegna skiptir máli að börn öðlist áhuga á að lesa bækur þegar nóg er af öðru lesefni út um allt? Einfalda svarið er að áhugi á bóklestri tengist betri lesskilningi sem er undirstaða alls náms. Í stuttu máli sagt gengur börnum sem hafa gaman af því að lesa bækur betur í skólanum. Langa svarið er að bóklestur eykur víðsýni og umburðarlyndi, kennir börnum að setja sig í spor annarra og átta sig á skráðum og óskráðum reglum samfélagsins, lestur eflir málþroska, sköpunargáfu, ímyndunarafl og orðaforða. Svo er bóklestur líka svo skemmtilegur, kærkomið athvarf frá amstri dagsins.

Lestraráttak

Á næstu vikum ætlum við í skólanum í samvinnu við heimilin að auka vægi lestrar í okkar lífi. Lestur er undirstaða alls náms og svo margt sem við gætum ekki gert án læsis. Átakið verður kynnt sérstaklega og ef þið lumið á góðri hugmynd um útfærslu þá endilega komið henni á framfæri. Markmiðið er að **öll börn skólans** skoði/lesi/hlusti meira á hina ýmsu texta á fjölbreyttan hátt. Hver og einn getur hengt á "lestrartréð" mynd eða aðrar upplýsingar um sína bók/blað og þegar tréð hefur blómstrað/laufgað nægilega mikið að okkar mati þá kryfjum við það sem hefur verið gert og hver næstu skref verða. Við ætlum að nýta alla mögulega texta í þessari vinnu; heimalestur, námsbókalestur, ævintýrabækur, upplesnar sögur, fá rithöfund í heimsókn, lesa fyrir aðra, tala um myndir í bókum, búa til texta og hvað annað sem okkur dettur í hug.

Markmiðið er að auka ánægju á lestri bóka, gera lestrarnámið skemmtilegra, njóta þess að hlusta á sögur, segja frá, túlka, skoða myndir og ræða um þær, búa til og njóta saman.

Lesum og njótum!



Opnunartími og skóladagatal

Árskólagarskóli er opinn alla virka daga frá 07:45-16:15.

Vinsamlegast kynnið ykkur [skóladagatal 2014-2015](#) svo allt sé á hreinu, viðburðir, lokanir!

Munið eftir [myndasafninu](#) á heimasíðunni <http://www.dalvikurbyggd.is/arskogarskoli/>



náms**Á**hugi-þ**R**autseigja-**S**amvinna-lei**K**ur-útisk**Ó**li-**G**leði-**U**mhyggja-vi**R**öðing



Viðburðadagatal október 2014

Mánudagur Þriðjudagur Miðvikudagur Fimmtudagur Föstudagur **Laugardagur** **Sunnudagur**

 Muna að lesa heima!		1	2 Starfsfólk Dalvíkurbyggðar Á námskeiði 1230-1600 Skólinn lokar kl. <u>12:00</u> eftir mat.	3 Skipulagsdagur LOKAÐ LOKAÐ LOKAÐ LOKAÐ LOKAÐ	4	5
6 Foreldraviðtöl Kötlukots	7 Foreldraviðtöl Kötlukots Davíð 	8 Foreldraviðtöl Kötlukots	9 Foreldraviðtöl Kötlukots Fannar 	10 Foreldraviðtöl Kötlukots	11	12
13 Hafrún 	14	15 Aníta 	16 Marinó 	17	18 Ólafur Árni 	19
20	21	22	23	24	25	26
27 Vetrarfrí LOKAÐ LOKAÐ Eybór 	28 Skipulagsdagur grunnskólastigs 1.-7. bekkur frí Kötlukot opið	29	30	31		